

Ágrip aðalfundar 2020

Dags.: 03.12.2020, kl. 15:00 - 16:30

Staður: Fjarfundur.

Mættir : 21 mætti/fylgdist með. Matthías Loftsson (Mannvit), Guðmundur Rafn Kristjánsson (Vegagerðin), Gísli Eiríksson (Vegagerðin), Jón Smári Úlfarsson (Landsvirkjun), Björn A Harðarson (Geotek), Guðmundur H. Gíslason (Ístak), Stefán Geir Árnason (Efla), Brynjar Bragason (EFLA), Kristinn Hauksson (Efla), Hávarður Finnbogason (Efla), Brynjólfur Jóhannsson (Raftákn), Styrmir Freyr Böðvarsson (Mannvit), Björn Stefánsson (Landsvirkjun Power), Valgeir Bergmann (Vaðlaheiðargöng), Freyr Pálsson (Vegagerðin), Guðmundur Valur Guðmundsson (Vegagerðin), Gunnar Þór Guðmundsson (Landsvirkjun), Hallgrímur Örn Arngrímsson (Verkís), Jóhann Örn Friðsteinnsson (Verkís), Þröstur Helgason (Mannvit), Einar Hrafn Hjálmarsson (IAV).

Skýrsla stjórnar

Formaður JGFÍ, Matthías Loftsson (ML) greindi frá helstu atriðum í starfsemi félagsins frá síðasta aðalfundi. Starfsemi félagsins markaðist mjög af Covid 19 á þessu ári eins og svo margt annað hér heima og erlendis. Stjórnin hélt 3 stjórnarfundi eins og undanfarin ár, þar af voru tveir fjarfundir. Starf stjórnar fór að mestu í að ræða og setja í gang gerð heimasíðu JGFÍ.

Starfsemi innan NVF féll að mestu niður þessu ári og enn hefur ekki orðið af „start“-fundi næsta tímabils (2020 til 2024), sem fyrirhugað var að halda á haustmánuðum. Sameiginlegur fundur formanna og ritara Íslandsnefnda innan NVF verður væntanlega í byrjun næsta árs.

Þar sem alþjóðaráðstefna ITA féll niður ákvað stjórn ITA að halda „virtual general assembly“. Sá fjarfundur var haldinn 16. september og ITA Nordic Forum fundur 14. september. Jón Smári sat þá fundi. Fundarefni var mestmegnis stjórnsýsluefni samtakanna, en meðal fundarefnis var ákvörðun um hvar skyldi halda alþjóðaráðstefnuna 2023. Þá var samþykkt að færa alþjóðaráðstefnu ITA, sem vera átti í Kaupmannahöfn á næsta ári, fram til 2022.

Samtals eru 16 fyrirtæki og stofnanir aðilar að Jarðgangafélaginu og greiða iðgjöld. Tvö fyrirtæki hafa dottið út af greiðsluskrá frá síðasta ári og eitt bæst við. Skráðir félagar í JGFÍ eru nú 55, sem flestir eru starfsmenn fyrirtækja og stofnana sem greiða iðgjöld. Auk þeirra eru nokkrir sem fá send fundarboð.

Farið var almennt yfir opnun Dýrafjarðarganga. Með tilkomu ganganna stýttist Vestfjarðavegur um 27 km og lagðar verða af 6 einbreiðar brýr. Verk stefnir í að verða nokkuð undir kostnaðaráætlun.

Sýndar voru glærur með lengd allra vegganga á landinu sem og virkjanaganga. Rætt var um mögulega næstu jarðgangaframkvæmdir.

Fjárhagsstaða félagsins er góð (inneign um 1.200.000 kr), gjöld ársins um 80.000 kr þar af árgjöld til ITA um 500 Evrur á ári. Fyrirliggjandi er kostnaður vegna heimasíðugerðar (jgfi.is), um 300.000 kr, sem færast á næsta ársreikning, og síðan árlegur kostnaður árlega vegna reksturs um 100.000. Ársreikningur var samþykkt án athugasemda.

Lagt var til að félagsgjald yrði óbreytt næsta ár og var tillaga stjórnar þess efnis samþykkt án athugasemda.

Stjórnarkjör

Núverandi stjórn var kosin árið 2019 til 3ja ára og því er ekki stjórnarkjör í ár. .

Heimasíða JGFÍ

Guðmundur H. Gíslason kynnti og fór yfir nýja heimasíðu félagsins, www.jgfi.is Auglýst var eftir efni á síðuna frá félagsmönnum. Best myndi reynast að koma því á ritstjóra (GHG) og hann sæi um að koma því inn. BH, GE og fleiri fundarmenn lýstu ánægju með heimasíðuna.

Önnur mál

Umræða var um merki (logo) félagsins, en merkið, sem er á heimasíðunni er Ísland með gangamerki Vegagerðar og stöfunum JGFÍ þar inn í. GE bendir á að hjá ITA eru mörg merki landsfélaga oft hringur með striki yfir eins og merki ITA, en með skammstöfum, landakorti eða fána inni í hringnum.

Valgeir Bergmann lagði til að stofnuð yrði facebook síða. Stjórn skoðar málið.

Einar Hrafn gerði tillögu um að félagið samþykkti ályktun varðandi að jafnan yrði unnið við a.m.k. ein jarðgöng. Allnokkur umræða var um þetta málefni. Skiptar skoðanir voru um hversu langt ætti að ganga í nafni félagsins en einstaklingum væri að sjálfsögðu frjálst að skrifa. Rætt var um að skrifa t.d. blaðagrein og fá málsmetandi („þungavigtarmenn“), svo sem fyrrum stjórnarmenn, til þess arna. Málefnið verður rætt frekar innan stjórnar.

Guðmundur Valur fer lauslega yfir samgönguáætlun, vegna umræðunnar um næstu gangaverkefni.